

staðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. ágúst 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um nýtingu fangelsa í Reykjavík.

1. gr.

Reglur þessar taka til Hegningarhússins í Reykjavík, Fangelsisins Síðumúla 28 og Fangageymslunnar í lögreglustöðinni, Hverfisgötu 113.

2. gr.

Handteknir menn.

Þá sem rannsóknarlögregla ríkisins handtekur á starfssvæði sínu og að mati hennar er nauðsynlegt að vista í fangelsi, skal að jafnaði vista í Fangelsinu Síðumúla 28.

Þeir sem handteknir eru í Reykjavík vegna brota á áfengis- og fíkniefnalöggjöf, óspekta á almannaferi, svo og þá sem grunaðir eru um önnur brot en eru í vínu vegna neyslu áfengis eða fíkniefna, skal að jafnaði vista í Fangageymslunni að Hverfisgötu 113.

3. gr.

Gæsluvarðhald.

Þá, sem úrskurðaðir eru í gæsluvarðhald á vegum rannsóknarlögreglu ríkisins, sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum eða rannsóknardeilda lögreglunnar í Reykjavík, Kópavogi eða Hafnarfirði, skal vista í Fangelsinu Síðumúla 28, nema hentugra sé talið af þeim sem með rannsókn málsins fer að vista fangann annars staðar.

Gæslufanga, sem vistaður er í fangelsi utan Reykjavíkur, en flytja þarf til dvalar í Reykjavík, skal sömuleiðis vista í Fangelsinu Síðumúla 28.

Sé ekki fyrir hendi húsrými í Fangelsinu Síðumúla 28, skal yfirmaður þess sjá um að afla vistrýmis í öðru fangelsi og er honum í því sambandi heimilt, í samráði við þann sem vistað hefur fanga í gæsluvarðhaldi, að flytja gæslufanga úr fangelsinu í annað fangelsi, þar sem fangelsisrými er fyrir hendi.

4. gr.

Afplánun refsingar.

Fanga sem vista á í fangelsi til afplánunar fangelsisrefsingar lengri en 3 mánuði, skal fyrst fara í Hegningarhúsið í Reykjavík, en síðan skulu þeir fluttir þaðan svo fljótt sem unnt er og vistaðir á því vinnuhæli, sem að mati yfirstjórnar fangelsanna er talið viðeigandi hverju sinni.

Fangar sem afplána eiga fangelsisrefsingu 3 mánuði eða skemur, er heimilt að vista allan tímann í Hegningarhúsinu, svo og þá sem afplána eiga lengri fangelsisrefsingu, sé það talið nauðsynlegt að mati yfirstjórnar fangelsanna.

Fangar, sem afplána eiga varðhaldsrefsingu og búsettir eru á Suður- og Vesturlandi, skal vista í Hegningarhúsinu. Þó er heimilt í samráði við yfirstjórn fang-

elsanna að flytja þá úr Hegningarhúsinu til vistunar í vinnuhæli. Sama gildir um þá sem afplána vararefsingu vegna fjársektar.

Sé ekki rými fyrir hendi í Hegningarhúsinu fyrir þá sem fullnustuaðilar óska eftir að séu þar teknir til vistunar, skal yfirmaður fangelsisins gera ráðstafanir til þess að flytja fanga í önnur fangahús eftir því sem unnt kann að vera, en ella skrá slíka fanga á biðlista.

Sé þörf á nýtingu vistrýmis í Hegningarhúsinu til vistunar gæslufanga skal yfirmaður fangelsisins gera ráðstafanir til þess að flytja brott úr fangelsinu þá fanga sem þar eru til afplánunar vararefsingar eða varðhaldsrefsingar.

Fanga sem afplána refsingu í vinnuhælum en dvelja þurfa um stundarsakir í Reykjavík skal að jafnaði vista í Hegningarhúsinu meðan á dvöl þeirra í Reykjavík stendur.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 13. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. ágúst 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

Nr. 317.

11. ágúst 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Samkvæmt skipulagsmálum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 11. ágúst 1977 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvamshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er skipulagsuppdráttur af Vík í Mýrdal, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 24. apríl 1970, nr. 77/1970, úr gildi fellur.

Félagsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Ni. 318.

25. ágúst 1977.

SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík
nr. 2 7. janúar 1930.**

1. gr.

3. og 4. málsg. 46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958, nr. 258 24. nóvember 1969, nr. 79 29. apríl 1974 og nr. 468 22. október 1975, orðist svo: